

Strætó bs.  
Ársreikningur 2013

Strætó bs.  
Þönglabakka 4  
Pósthólf 9140  
129 Reykjavík

Kt. 500501-3160

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

## Skýrsla og áritun stjórnar

Strætó bs. er byggðasamlag og er tilgangur þess að sjá um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,3%), Kópavogur (14,6%), Hafnarfjörður (12,5%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%)

Rekstrarafgangur Strætó á árinu 2013 var um 496 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Á árinu 2013 jókst handbært fé um tæpar 84m.kr. og er handbært fé í lok ársins um 904 m.kr. sem m.a verður notað til að fjárfesta í nýjum strætisvögnum.

Á árinu var stigið fyrsta skrefið í reglubundinni endurnýjun á vagnafloata Strætó, fjárfest var í 12 nýjum strætisvögnum fyrir um 409 m.kr. Gert er ráð fyrir að endurnýja allan vagnafloata Strætó á næstu árum og að fjárfest verði fyrir allt að 750 m.kr. í nýjum vögnum á árinu 2014

Á árinu fékk Strætó um 903 m.kr. í framlag frá ríkissjóð í samræmi við samstarfssamning sem undirritaður var í maí 2012, sjá nánari upplýsingar um samninginn í skýringu 12. Eitt af meginmarkmiðum samnings er að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þessa hefur Strætó nýtt framlagið til að auka þjónustu Strætó og hefur aksturinn aukist um tæp 30% frá því samningurinn tók gildi. Framlaginu er einnig ætlað að stuðla að endurnýjun vagnaflotans, m.a. til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Að lokum er framlaginu ætlað að koma á móti niðurfellingu á endurgreiðslu á olíugjaldi, sem fellur að fullu niður frá og með 1. janúar 2015.


Eigið fé í árslok nam um 1.313 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 60%, en vísað er að öðru leyti til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárraikningum.

Í árslok störfuðu 260 manns hjá félaginu í um 205 stöðugildum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs. staðfesta hér með ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2013 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2014.

Stjórn Strætó bs.:

  
Ólafur Þ. Þorvaldsson  
Gundur Þ. Guðmundsdóttir  
Þorvaldur Haraldsson  
Hilma Þorsteinsdóttir  
Sigrún Edda Jónsdóttir  
Anna D. Þorvaldsson

Framkvæmdastjóri:

  
Keyinn Jónsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Strætó bs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Strætó bs. á árinu 2013, fjárhagsstöðu þeirra 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. febrúar 2014.

KPMG ehf.

Ármi Claessen

# Rekstrarreikningur

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrartekjur</b>			
Fargjöld .....		1.421.798.269	1.277.416.117
Rekstrarframlög eignaraðila .....		2.712.005.373	2.586.388.105
Ríkisframlag .....	12	902.904.965	350.000.000
Útseld þjónusta.....		77.912.780	34.091.437
Aðrar tekjur .....		23.516.769	36.213.149
		<u>5.138.138.156</u>	<u>4.284.108.808</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Rekstur vagna .....	3	2.261.921.309	1.966.322.157
Aðkeyptur akstur og tengdur kostnaður.....		1.750.064.556	1.422.574.447
Kostnaður við útselda þjónustu .....		77.814.563	34.091.437
Annar rekstrarkostnaður.....	4	464.072.905	419.296.314
		<u>4.553.873.333</u>	<u>3.842.284.355</u>
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir.....		<u>584.264.823</u>	<u>441.824.453</u>
Afskriftir .....	5	127.776.055	108.260.582
Rekstrarafkoma.....		<u>456.488.768</u>	<u>333.563.870</u>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur.....		32.273.747	18.722.558
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....	(	42.546.666)	( 57.299.883)
Endurútreikningur erlends láns .....		49.989.474	0
		<u>39.716.555</u>	<u>( 38.577.325)</u>
Afkoma ársins.....		<u>496.205.324</u>	<u>294.986.545</u>

# Efnahagsreikningur

	Skýr.	2013	2012
<b>Eignir</b>			
Strætisvagnar og önnur ökutæki .....		889.122.545	601.668.033
Áhöld og tæki.....		19.251.652	24.477.991
Fasteignir.....		45.699.911	46.893.944
Fastafjármunir samtals	5	<u>954.074.108</u>	<u>673.039.968</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	6	88.330.293	101.063.073
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur .....	7	227.129.343	137.230.862
Aðrar skammtímakröfur .....	8	16.931.273	32.791.519
Handbært fé.....		904.182.539	820.468.325
Veltufjármunir samtals		<u>1.236.573.448</u>	<u>1.091.553.779</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>2.190.647.556</u>	<u>1.764.593.747</u>

## 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Eigið fé</b>			
Framlag eigenda .....		900.018.011	900.018.011
Óráðstafað eigið fé .....		413.410.256	( 82.795.068)
Eigið fé samtals	10	1.313.428.267	817.222.943
 <b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímaskuldir .....		419.050.069	559.116.177
Afborganir á næsta ári .....		( 105.161.190)	( 110.165.544)
Langtímaskuldir samtals	11	313.888.879	448.950.633
 <b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....	9	297.445.322	281.941.019
Næsta árs afborgun langtímalána.....	11	105.161.190	110.165.544
Aðrar skammtímaskuldir .....		160.723.898	106.313.608
Skammtímaskuldir samtals		563.330.410	498.420.171
Skuldir og skuldbindingar samtals		877.219.289	947.370.804
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>2.190.647.556</b>	<b>1.764.593.747</b>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða ársins .....		496.205.324	294.986.545
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....		127.776.055	108.260.582
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	( 87.547)
Verðbætur og gengismunur.....		11.072.637	14.997.673
Endurútreikningur gengistryggðs láns.....		( 49.989.474)	0
Veltufé frá rekstri		585.064.541	418.157.253
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Birgðir, lækkun (hækkun) .....		12.732.780	( 21.473.764)
Viðskiptakröfur (hækkun).....		( 74.038.235)	( 38.070.110)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		69.914.593	81.727.482
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		8.609.138	22.183.608
Handbært fé frá rekstri		593.673.679	440.340.861
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....		( 408.810.195)	( 86.787.128)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....		0	200.000
Fjárfestingarhreyfingar		( 408.810.195)	( 86.587.128)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....		( 101.149.271)	( 271.264.348)
Fjármögnunarhreyfingar		( 101.149.271)	( 271.264.348)
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....		83.714.214	82.489.385
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		820.468.325	737.978.940
<b>Handbært fé í lok ársins</b> .....		904.182.539	820.468.325



# Skýringar

---

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Strætó bs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### b. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabil sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

### c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Innheimt rekstrarframlög og tekjur vegna sölu á miðum og kortum eru tekjufærðar í samræmi við innborganir.

### d. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### e. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann myndast.

### f. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundruðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

### g. Birgðir

Rekstrarvörubirgðir í árslok eru metnar á innkaupsverði.

### h. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### i. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

### i. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## Skýringar, frh.:

### 2. Laun og launatengd gjöld

	2013	2012
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun .....	1.213.806.077	1.012.065.061
Launatengd gjöld .....	316.901.241	271.966.042
Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi .....	60.806.628	6.080.136
	<u>1.591.513.946</u>	<u>1.290.111.239</u>
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu .....	203	184

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu alls um 20 m.kr. á árinu 2013.

Í lok árs 2013 störfuð 260 manns hjá Strætó b. í um 205 stöðugildum.

### 3. Rekstur vagna

	2013	2012
Akstur og rekstur vagna .....	2.171.756.494	1.890.603.010
Rekstur húsnæðis, Hesthálsi og endastöðvar .....	90.164.815	75.719.147
	<u>2.261.921.309</u>	<u>1.966.322.157</u>

### 4. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinast þannig:

	2013	2012
Yfirstjórn, fjármálasvið og annar samrekstur .....	205.234.782	155.751.386
Farþegaþjónusta og skipulagssvið .....	203.845.154	209.944.815
Rekstur húsnæðis, skrifstofa, Hlemmur og Mjódd .....	54.992.969	53.600.113
	<u>464.072.905</u>	<u>419.296.314</u>

### 5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Áhöld, tæki og búnaður	Fasteignir	Samtals
Heildarverð 1.1.2013 .....	1.355.935.715	82.709.543	59.701.627	1.498.346.885
Afskrifað 1.1. 2013 .....	( 754.267.682)	( 58.231.552)	( 12.807.683)	( 825.306.917)
Bókfært verð 1.1.2013 .....	601.668.033	24.477.991	46.893.944	673.039.968
Viðbót á árinu .....	408.810.195	0	0	408.810.195
Afskrifað á árinu .....	( 121.355.683)	( 5.226.339)	( 1.194.033)	( 127.776.055)
Bókfært verð 31.12.2013 .....	<u>889.122.545</u>	<u>19.251.652</u>	<u>45.699.911</u>	<u>954.074.108</u>
Heildarverð 31.12.2013 .....	1.764.745.910	82.709.543	59.701.627	1.907.157.080
Afskrifað samtals 31.12.2013 .....	( 875.623.365)	( 63.457.891)	( 14.001.716)	( 953.082.972)
	<u>889.122.545</u>	<u>19.251.652</u>	<u>45.699.911</u>	<u>954.074.108</u>
Afskriftahlutföll .....	8-12%	15%	2%	

## Skýringar, frh.:

### 5. frh. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignamat	Vátryggingar- verðmæti	Bókfært verð
Pönglabakki 4 .....	60.450.000	102.615.000	45.699.911

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja nam samtals um 61 m. kr. í árslok 2013, bókfært verðmæti áhalda og tækja var um 19,3 m.kr. í árslok.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna nam samtals um 1.602 m.kr. í árslok 2013, bókfært verðmæti vagna í lok árs var um 889 m.kr.

### 6. Vörubirgðir

	2013	2012
Olía .....	6.250.777	8.996.819
Varahlutir .....	82.079.516	92.066.254
	<u>88.330.293</u>	<u>101.063.073</u>
Vátryggingaverðmæti birgða .....	98.410.000	94.000.000

### 7. Viðskiptakröfur

	2013	2012
Viðskiptamenn .....	198.159.665	96.257.515
Viðskiptamenn - Ferðapjónusta fyrir fatlaða .....	17.988.491	18.899.993
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur .....	25.471.187	26.163.354
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 14.490.000)	( 4.090.000)
	<u>227.129.343</u>	<u>137.230.862</u>
Niðurfærsla viðskiptakrafna:	2013	2012
Niðurfærsla viðskiptakrafna í ársbyrjun .....	4.090.000	3.245.000
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	10.400.000	845.000
Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok .....	<u>14.490.000</u>	<u>4.090.000</u>

Viðskiptakröfur hafa verið niðurskrifaðar um tæplega 14,5 m.kr., sem nemur um 6% af viðskiptakröfum félagsins í árslok.

### 8. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig:	2013	2012
Endurgreiðsla olíugjalds .....	12.181.744	17.447.985
Endurgreiðsla virðisaukaskatts .....	4.749.529	3.793.757
Eignfærður skammtímakostnaður .....	0	11.549.777
	<u>16.931.273</u>	<u>32.791.519</u>

## Skýringar, frh.:

### 9. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir sundurliðast þannig:	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Viðskiptaskuldir .....	254.078.041	235.607.538
Viðskiptaskuldir - Ferðapjónusta fyrir fatlaða .....	43.367.281	46.333.481
	<u>297.445.322</u>	<u>281.941.019</u>

### 10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	<b>Eiginfjárframlag rekstraraðila</b>	<b>Óráðstafað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>
Eigið fé 1.1.2013 .....	900.018.011	( 82.795.068)	817.222.943
Rekstrarafkoma ársins .....		496.205.324	496.205.324
Staða 31.12.2013 .....	<u>900.018.011</u>	<u>413.410.256</u>	<u>1.313.428.267</u>

	<b>Hlutfall 2013</b>			
Garðabær .....	6,24%	56.161.124	25.796.800	81.957.924
Hafnarfjörður .....	12,50%	112.502.251	51.676.282	164.178.533
Kópavogur .....	14,60%	131.402.630	60.357.897	191.760.527
Mosfellsbær .....	4,07%	36.630.733	16.825.797	53.456.530
Reykjavík.....	60,30%	542.710.861	249.286.384	791.997.245
Seltjarnarnes .....	2,29%	20.610.412	9.467.095	30.077.507
	<u>100,00%</u>	<u>900.018.011</u>	<u>413.410.256</u>	<u>1.313.428.267</u>

### 11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:	<b>Vextir</b>	<b>2013</b>
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt .....	5,60%	48.017.347
Arionbanki hf., verðtryggt .....	5,20%	262.278.124
Íslandsbanki hf., óverðtryggt .....	7,25%	108.754.598
		<u>419.050.069</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Árið 2014 .....	105.161.190
Árið 2015 .....	105.161.190
Árið 2016 .....	105.161.190
Árið 2017 .....	91.482.656
Síðar .....	<u>12.083.844</u>
	<u>419.050.069</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 12. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að tvöfalda a.m.k hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landsamgöngum

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022 og nam framlag ársins 2013 903 m.kr. samkvæmt samningnum. Eigendur Strætó skuldbinda sig einnig til þess að árlegt framlag þeirra til reksturs Strætó bs verði ekki lægra á samningstímanum en sem nemur 2.347 m.kr.

### 13. Önnur mál

Höfðað hefur verið mál á hendur Strætó bs. fyrir héraðsdómi af aðila sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á almenningsvögnum á ákveðnum leiðum á höfuðborgarsvæðinu og var málið þingfest 18. desember 2012. Stefnandi krefst þess að fá 530 m.kr. í skaðabætur vegna missis meints hagnaðar en Strætó hefur hafnað kröfunni á grundvelli þess að því hafi verið skylt að taka lágsta boði annars þáttakanda í útboðinu og því eigi bótakrafan sér ekki lagastoð. Áætluð málalok eru í árslok 2014 eða í ársbyrjun 2015.